

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Útey 2.

Í deiliskipulagsbreytingunni felst að byggingarmagn verði aukið til samræmis við ákvæði sem birt voru með breyttu aðalskipulagi Bláskógabyggðar er varðar lóðir undir 1/3 af ha að stærð. Samþykkt í sveitarstjórn 29. ágúst 2022.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 2. september 2022.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 16. september 2022